



## Krabbameinsfélag Norðausturlands



Minningarkort félagsins fást hjá eftirfarandi aðilum:  
 María Hermundsdóttir, Kópaskeri. S. 465-2170/866-7018  
 Verslunin Urð, Raufarhöfn. Sími 465-1111  
 Sigríður Kristín Andrésdóttir, Þórshöfn. Sími 468-1126  
 Í Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélags Íslands er  
 boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og  
 stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein  
 og aðstandendur þess. Nánari upplýsingar á  
[www.krabb.is](http://www.krabb.is) og í síma 800-4040.



### Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) ef þið viljið vera á póstlistanum.

### Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 25. janúar 2017.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

# Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni  
 3. tbl. 8. árg. Miðvikudagur 18. janúar 2017

## Porrablót á Þórshöfn

**Porrablót verður haldið laugardaginn 11. febrúar á Þórshöfn. Húsið opnar kl 19:30 og dagskrá hefst kl 20:00. Ákveðið var að halda í þann gamla þjóðlega sið að gestir komi með matinn með sér að heiman í trogum. Sú nýbreytni verður í ár að bordhald og skemmtun mun fara fram í íþróttahúsinu Sportveru að því loknu færum við okkur í Þórsver til að dansa ☺ Midaverð 5000 krónur, miðaverð á dansleik 3000 krónur. Nánar auglýst síðar.**





Þorrablót Raufarhafnar verður haldið 4. febrúar næstkomandi í félagsheimilinu Hnitbjörgum.

Borðapantanir verða að berast fyrir 31. janúar 2017 á netfangið [s.f@simnet.is](mailto:s.f@simnet.is) eða í síma 8688647. Nanna Steina heldur utanum pantanir.

Best er að fólk hópi sig saman og einn panti fyrir allan hópinn.

Verð:  
4000 kr. á þorrablót og ball  
3000 kr. á ball

Húsið opnar klukkan 19:30 og borðhald hefst stundvíslega klukkan 20:00.

Ballið byrjar að skemmtiatriðum og borðhaldi loknu.

Allar frekari ábendingar, athugasemdir eða kvartanir skulu berast á netfangið [okkurerdrullusama@gmail.com](mailto:okkurerdrullusama@gmail.com).

Eins og undanfarin ár erum við með fyrri part vísu og bjóðum fólki að botna hana og senda okkur botninn.

Það er kassi í Gunnubúð sérhannaður til að taka við botnum!

Botnar þurfa að berast fyrir 31. janúar 2017.

Fyrri parturinn hljóðar svo:

Blótaragallana græjum og gírum okkur á ball.

## Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra auglýsir eftir umsóknum fyrir árið 2017

Hlutverk sjóðsins er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni, auk þess veitir sjóðurinn stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála. Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður og miðast styrkveitingar við árið 2017.

Frekari upplýsingar um umsóknarferlið, úthlutunarreglur 2017 og áherslur sjóðsins er að finna á heimasíðu Eyþings [www.eything.is](http://www.eything.is) og AP [www.atthing.is](http://www.atthing.is).

**Umsóknum skal skilað rafrænt til uppbyggingarsjóðs á netfangið [uppbygging@eything.is](mailto:uppbygging@eything.is) á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna.**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar.** Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér verklagsreglur uppbyggingarsjóðs á heimasíðu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna.

### Viðvera starfsmanna uppbyggingarsjóðs verður á eftirfarandi stöðum:

- |                                 |                           |
|---------------------------------|---------------------------|
| • Húsavík 25. jan. kl. 9-11     | Skrifstofu AP             |
| • Kópasker 25. jan. kl. 13-14   | Skrifstofu Norðurlþings   |
| • Raufarhöfn 25. jan. kl. 15-16 | Skrifstofu Norðurlþings   |
| • Þórshöfn 26. jan. kl. 9-11    | Skrifstofu Langanesbygðar |

### Vinnustofur í umsóknargerð verða á eftirtöldum stöðum:

- Húsavík, skrifstofu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 24. janúar kl. 20-23
- Grunnskólanum Raufarhöfn, 25. jan. kl. 17-20

Á vinnustofum gefst umsækjendum tækifæri á að koma með umsóknir í vinnslu, fá aðstoð og leiðbeiningar. **Nauðsynlegt er að skrá sig í vinnustofur og panta viðtalstíma á netfanginu [menning@eything.is](mailto:menning@eything.is).**

Frekari upplýsingar um styrki á sviði menningar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir netfang [menning@eything.is](mailto:menning@eything.is) eða í síma 464 9935 og á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar Ari Páll Pálsson netfang [aripall@atthing.is](mailto:aripall@atthing.is) sími 464 0416.